



**75. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar  
þriðjudaginn 5. febrúar 2013, kl. 15:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

**Dagskrá:**

1. Fundargerðir:
    - a) stjórnar Samband íslenskra sveitarfélaga
  2. Bréf frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins dags. 22. janúar 2013
  3. Brimslóð 8
  4. Önnur mál
- 

**Afgreiðslur:**

1. **Fundargerðir:**
  - a) **stjórnar Samband íslenskra sveitarfélaga**  
*Lögð fram til kynningar*
2. **Bréf frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins dags. 22. janúar 2013**  
*Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins óskar eftir forgangi fyrir barn með sérþarfir í leikskólanum á Blönduósi sem er búsett á Blönduósi.*

*Bæjarráð samþykkir 50% aukið stöðugildi við leikskólann til að mæta þessari þörf.*

3. **Brimslóð 8**  
*Í fundargerð bæjarráðs frá 5. júlí 2012 frestaði bæjarráð afgreiðslu sinni á erindi Erlendar F. Magnússonar, Brimslóð 8. Í fundargerðinni var eftirfarandi bókað:*

„Óskað er eftir samþykki bæjarstjórnar fyrir rannsóknnum og uppmælingu á hlöðnum grunni undan hinu svonefnda vesturpakkhúsi Höepfnersverslunar sem stóð á lóð þess frá 1882-1931. Áhugi er fyrir hendi að endurgera húsið í samráði við Húsafriðunarnefnd. Fyrirhugað er að nota húsið fyrir gestavinnustofu listamanna og opin sýningarsal á íslenskri og erlendri hönnun og handverki.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsingar um málið.

Jafnframt er óskað eftir að lóð Brimslóð 8 verði mæld upp og mörk lóðarinnar afmörkuð. Bæjarráð óskar eftir gögnum um málið frá byggingarfulltrúa Blönduósarbæjar.“

*Bæjarráð biðst velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á við afgreiðslu erinda Erlendar.*



Bæjarráð telur það vera áhugaverða hugmynd að hefja rannsóknir og mæla upp hlaðinn grunn Höepfnerverslunar en leita þarf umsagnar viðeigandi stofnana vegna fornminja. Komi til endurbýggingar hússins þarf að breyta skipulagi svæðisins.

Varðandi mörk lóðar þá er uppi ágreiningur af hálfu Erlendar hvar mörk lóðarinnar Brimslóð 8 liggja. Árið 2001 sendi sýslumaðurinn á Blönduósi beiðni um leiðréttingu skv. þinglýsingabók sýslumannsins á Blönduósi til FMR á Akureyri án þess að hafa samráð við eigenda lóðarinnar þ.e. Blönduósbæ. Beiðnin laut að því að stækka lóðina við Brimslóð 8 úr 1080 í 2230 fm. Á grundvelli afsals undirritað af Snorra Arnfinnssyni og Einari Þorlákssyni frá 1964 kaupir Blönduósbær upp eldri lóðarsamning og er stærð lóðarinnar að Brimslóð 8 1080 fm.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að óska eftir því við Fasteignamatið að leiðrétta stærð lóðarinnar í fyrra horf enda var breyting á skráðri stærð lóðarinnar ekki gerð í samráði við Blönduósbæ árið 2001. Jafnframt felur bæjarráð bæjarstjóra að taka saman ofgreidd gjöld og endurgreiða eigenda Brimslóðar 8.

Samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu atkvæði.

Bæjarráð samþykkir að bjóða Erlendi Magnússyni til viðræðna um land undir höggmyndagarð við Brimslóð.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að sett verði upp skilti við Brimslóð 8 að höfðu samráði við byggingarfulltrúa.

Oddný María Gunnarsdóttir leggur fram eftirfarandi bókun:

L-listi fólksins sýnir með afgreiðslu sinni fullkomna fyrirlitningu í garð íbúa á Blönduósi sem árum saman hefur leitað réttar síns gagnvart yfirgangi og óvandaðri stjórnsýslu Blönduósbæjar í samskiptum við íbúa og meðhöndlun lóða- og skipulagsmála.

Rökstuðningur meirihlutans byggir meðal annars á gögnum um skerðingu lóðar sem finnast ekki í þinglýsingargögnum og deiliskipulagi sem aldrei hefur öðlast gildi, enda hefur Blönduósbær alla tíð innheimt lóðarleigu fyrir lóðina óskerta. Þrátt fyrir það hefur lóðarhafa ítrekað verið neitað um eðlileg afnot af henni og þar með hefur verið freklega gengið á frelsi hans og rétt til athafna. Meirihluti bæjarstjórnar Blönduóss virðir með þessu staðfastlega að vettugi tilmæli félagsmálaráðuneytisins frá 27. apríl 2005 um að lóðarhafi fái þá aðstoð við að fá þá leiðréttingu mála sem hann á rétt á.

S-listi Samfylkingar og félagshyggjufólks mótmælir harðlega þessum yfirgangi og þvermóðsku meirihlutans og lýsir áhyggjum af því að framundan séu kostnaðarsöm málaferli sem sveitarfélagið muni tapa.

#### 4. Önnur mál

Fyrirhuguð er Skotlandsferð á vegum SSNV í apríl 2013 fyrir sveitarstjórnarfolk á Norðurlandi vestra. Bæjarráð samþykkir þátttöku þeirra bæjarfulltrúa ásamt bæjarstjóra sem áhuga hafa fyrir ferðinni. Bæjarstjóra falið að kanna þátttöku.

Vísað er til fundar bæjarstjórnar þann 16. janúar sl. þar sem bókað var eftirfarandi:

Lögð er fram eftirfarandi tillaga um átak í atvinnumálum:

“Bæjarstjórn Blönduósbæjar samþykkir að setja á laggirnar starfshóp í atvinnumálum sem skipaður skal 3 fulltrúum ásamt bæjarstjóra og skal starfshópurinn vinna að framgangi atvinnumála á næstu 6 mánuðum með það að markmiði að efla atvinnu og fjölga atvinnutækifærum á Blönduósi”. Bæjarráði er falið að ganga frá skipan í starfshópin.

Bæjarráð samþykkir að skipa Kára Kárason, Hörð Ríkhardsson í nefndina og fara þess á leit við SSNV að Stefán Haraldsson, atvinnuráðgjafi, starfi með nefndinni.



## Bæjarráð Blönduósarbæjar

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 16:40*

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)  
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*